



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Berglind Guðmundsdóttir  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík  
sími: 545 8400 postur@for.is  
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 25. febrúar 2020  
Tilv.: FOR20020045/9.1.6

Forsætisráðuneytið vísar til tölvupósts umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar frá 5. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um breytingu á aðalskipulagi bæjarins fyrir árin 2013 - 2025 sem og nýtt deiliskipulag fyrir Leiðarenda.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi bæjarins né nýtt deiliskipulag fyrir hellirinn Leiðarenda, en tekur fram að mikilvægt er að áfram verði haft samráð við forsætisráðuneytið við skipulagsvinnu í bæjarfélaginu.

Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku, náma og annarra jarðefni innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998 við afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hafdis Ólafsdóttir

  
Sigurður Örn Guðleifsson